

Fundargerð 14. fundar stjórnar SSA haldinn 20. október 2023

Fundurinn var haldinn á Teams og hófst kl. 11. Mættir voru stjórnarmenn SSA: Axel Örn Sveinbjörnsson, Berglind Harpa Svavarsdóttir, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Ragnar Sigurðsson og Þuríður Lillý Sigurðardóttir. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mættir starfsmenn Austurbrúar: Dagmar Ýr Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Gestir fundarins undir lið 1 Tinna K. Halldórsdóttir og Signý Ormarsdóttir, yfirverkefnastjórar hjá Austurbrú.

1. Fundargerð SSA nr. 13.

- Fundargerðin var samþykkt en verður undirrituð rafrænt.

2. Uppbyggingarsjóður Austurlands

- Tinna K. Halldórsdóttir og Signý Ormarsdóttir, yfirverkefnastjórar hjá Austurbrú og verkefnastjórar Uppbyggingarsjóðs, fóru yfir stöðuna og næstu skref. Alls bárust 115 umsóknir, 58 menningarumsóknir, 6 stofn- og rekstrarumsóknir og 51 atvinnuumsókn. Vinna er hafin hjá fagráði við að yfirfara umsóknir og verður úthlutun í byrjun desember. Verkefnastjórar lögðu fram tillögu að skiptingu fjármagns á milli flokka. Tillagan var samþykkt samhljóða.

3. Tilnefning í minjaráð Austurlands

- Frá minjaverði Austurlands: „Skipunartími þeirra fulltrúa sem tilnefndir voru í ráðið 2019-2023 er nú runnin út. Að því tilefni óskar Minjastofnun Íslands eftir því að SSA og SASS tilnefni sameiginlega einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa fyrir minjaráð Austurlands. Það mega vera sömu aðilar og sátu í ráðinu áður sé það vilji sambandanna.“
- Framkvæmdastjóri lagði til sömu aðila og áður þ.e. Skúla Björn Gunnarsson og Rannveigu Þórhallsdóttur. Tillagan var samþykkt samhljóða.

4. Beiðni frá bæjarráði Fjarðabyggðar

- Bæjarráð bókaði eftirfarandi og vísar til Sambands sveitarfélaga á Austurlandi að taka sérstaklega til skoðunar fjallskilasamþykkt fyrir Múlasýslur:
„Bæjarráð beinir til stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi að mikilvægt sé að fjallskilasamþykkt fyrir Múlasýslur verði tekin til endurskoðunar í ljósi þess að skýra þurfi ágang búfjár nánar ásamt því að skilgreina þurfi réttindi og skyldur fjáreigenda og landeigenda í því sambandi. Þá sé æskilegt að stjórnin hlutist til um að samræma verklagsreglur vegna ágangsmála í framhaldi þess að greitt verði úr álitamálum af hálfu matvælaráðuneytis en fjallskilasamþykktin gildir fyrir fjögur sveitarfélögin á starfssvæði Sambands sveitarfélaga á Austurlandi.“

Umræður stjórnar um næstu skref. Framkvæmdastjóri lagði til að Páll Baldursson verkefnastjóri hjá Austurbrú myndi kalla saman starfshóp og vinna áfram með málið. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Ragnar yfirgaf fundinn kl 11:53

5. Í kjölfar haustþings SSA 2023

- Umræður um skipan svæðisskipulagsnefndar. Framkvæmdastjóri sagði frá því að búið væri að senda erindi á alla sveitarstjóra fjórðungsins um skipum svæðisskipulagsnefndar.
- Umræður um aðgerðaráætlun. Yfirferð stjórnar á tillögum á aðgerðum sem unnar voru á Haustþingi. Umræður um forgangsmál, vinnulag og framsetningu.

6. Önnur mál

- Sambandið, námskeið fyrir sveitastjórnarfólk – Framkvæmdastjóra falið að finna dagsetningu og bóka námskeiðið.

Eftirfarandi mál voru til kynningar og umræðu eftir atvikum:

7. Umsagnir, umsagnarbeiðnir og samskipti við sambandið

- Höfum skilað inn umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um pósthjónustu
- Beiðni um umsögn vegna samgönguáætlunar
- Beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010
- Beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna
- Beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu
- Beiðni um umsögn vegna þingsályktunartillögu um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélagsi á Íslandi til ársins 2025
 - Aðrar umsagnir sem við sinnum ekki:
 - Tillaga til þingsályktunar um skipun starfshóps um umönnun og geymslu líka
 - Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna banns við hvalveiðum
 - Tillaga til þingsályktunar um græna hvata fyrir bændur
 - Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024 – 2038
 - Frumvarp til laga um kosningalög (jöfnun atkvæða)

8. Mál í samráðsgátt stjórnvalda

- 19 mál í samráðsgátt
 - Umsögn vegna Hvítbókar um skipulagsmál

9. Fundargerðir og erindi til kynningar

- Fundargerð frá Haustþingi SSA og ályktanir
- SSH, fundur nr. 562, 563
- SSS, fundur nr. 791, 792, 793, 794 (í möppu á Teams)
- SSV, fundur nr. 176
- Fjórðungsþing Vestfirðinga og ályktanir
- SSNV, Haustþing, fundur nr. 98, 99
- SSNE, fundur nr. 54, 55
- SASS, fundur nr. 598, 599, 600
- Sambandið fundur nr. 932, 933, 934 pdf skjöl í möppu á Teams
- Sveitarfélög á krossgötum, ráðstefna á vegum SSV
- Minnisblað landshlutasamtaka til fjárlaganefndar (í möppu á Teams)
- Byggðarráðstefna 2023 – Búsetufrelsi?
- Fundargerð 90. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál (í möppu á Teams)

Fundi slitið kl. 12:30.

Undirritunarsíða

Ragnar Sigurðsson

Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Helgi Hlynur Ásgrímsson

Axel Örn Sveinbjörnsson